

Mál nr. 184/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs
Vinnuslys, þegar unnið var við sögun á frauðplasti, þann 04.10. 2004

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.10. 2005, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.10. 2005, ásamt fylgiskjölum.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 732/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að vinna við niðursögun á frauðplasti í hjólsög þegar hann fór með vísifingur og þumalfingur vinstri handar í sagarblað með þeim afleiðingum að meiðsl hlutust af. Félagið hafnar bótaábyrgð, það telur að vinnuveitandi M hafi uppfyllt leiðbeiningarskyldu sína og að slysið verði rakið til óhappatilviks sbr. nánar umfjöllun félagsins í bréfi, dags. 26.10. sl.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur að rekja megi slysið til vanrækslu á leiðbeiningar-skyldu vinnuveitanda. M sé ungur, reynslulaus og hafi verið nýbyrjaður á vinnustaðnum þegar slysið varð. Nánar er vísað til röksemdafærslu lögmanns M sem fram kemur í bréfi hans til vátryggingafélagsins, dags. 05.09. sl. Hann telur að frásagnir aðila staðfesti að starfsmenn hafi verið látnir vinna við sögina "án þess að hafa fengið nokkra tilsögn og kennslu". Hann telur að engin skipuleg kennsla eða fræðsla hafi farið fram. Efnislega kemur fram að það hafi þótt vera "nægilegt að yngri menn fylgdust bara með....".

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur vátryggingartaki, þ.e. vinnuveitandi M, ekki sýnt fram á að starfsmenn hafi fengið leiðbeiningar með fullnægjandi hætti en störf M fólust m.a. í því að vinna við hættulegar vélar og því mikilvægt að gæta þess að leiðbeina starfsmönnum vel áður en vinna var hafin. Þetta er mjög mikilvægt og ekki síst þegar um "akkorðsvinnu" er að ræða og ungur aldur starfsmanns og reynsluleysi. Verður vátryggingartaki að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni. Hann ber því ábyrgð á slysinu.

M átti þrátt fyrir ungan aldur og takmarkaða starfsreynslu að sýna meiri aðgæslu við vinnu sína, hann ber því nokkra ábyrgð á því hvernig fór.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum skerðist réttarstaða M um 1/3 vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Réttarstaða M skerðist um 1/3 vegna eigin sakar.

Reykjavík 22. nóvember 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.